



Friðland við Varmárósa

Mosfellsbæ

Stjórnunar- og verndaráætlun 2023

Febrúar 2023

DRÖG

Heiti skýrslu: Stjórnunar- og verndaráætlun Varmárósar

Útgáfunúmer: UST-2022:16

Mánuður, ár: febrúar 2023

Ábyrgð: Þórdís Vilhelmína Bragadóttir, Guðbjörg Gunnarsdóttir og René Biasone

Útgefandi: Umhverfisstofnun

Forsíðumynd: Tómas G. Gíslason

Aðrar myndir: Tómas G. Gíslason

Suðurlandsbraut 24

108 Reykjavík

Sími: 591 2000

Netfang: ust@ust.is

Veffang: www.ust.is

Efnisyfirlit

1. HIÐ FRIDLÝSTA SVÆÐI.....	5
1.1 Stjórnunar- og verndaráætlun	5
1.1.1 Samráð	5
1.2 Eignarhald og umsjón	5
1.3 Lagalegur og stjórnsýslulegur rammi	6
1.3.1. Skipulagsáætlanir	6
1.4 Alþjóðlegar skuldbindingar.....	7
1.5 Verndargildi og verndarflokkur	7
1.6 Loftslagsþáttur	8
2. STADA OG STEFNA.....	9
2.1 Mörk svæðisins og aðkomuleiðir	9
2.2 Ástandsmat.....	9
2.3 Náttúruminjar	10
2.3.1 Gróður og vistgerðir/jarðvegur	10
2.3.2 Dýralíf.....	11
2.4 Menningarminjar	12
2.5 Landnotkun.....	12
2.5.2 Veiðar	13
2.5.3 Ferðaþjónusta og útivist.....	13
2.5.4 Viðburðir, kvikmyndataka og ljósmyndun	14
2.5.5 Mönnuð og fjarstýrð loftför	14
2.6 Helstu ógnir.....	14
2.7 Innviðir; mannvirki og landvarsla	15
2.7.1 Umsjón	15
2.7.2 Aðgengi, bílastæði, göngu- og reiðleiðir	15
2.7.3 Úrgangur	16
2.8 Fræðsla og kynning	16
2.9 Öryggismál	17
2.10 Rannsóknir og vöktun	18
3. SÉRSTAKAR REGLUR UM UMFERÐ OG DVÖL	19
HEIMILDIR	20
VIÐAUKI I	21
VIÐAUKI II	25
VIÐAUKI III.....	26

Leiðarljós

Leiðarljós áætlunar fyrir friðland við Varmárósa er að vernda mikilvægt svæði í þéttbýli með tilliti til náttúruverndar og fræðslu fyrir komandi kynslóðir.

1. Hið friðlýsta svæði

Friðlandið við Varmárósa í Mosfellsbæ var friðlýst árið 1980. Friðlandið var stækkað árið 2021 með auglýsingu nr. [380/2021](#). Markmið friðlýsingarinnar er að vernda og viðhalda fitjasefi og búsvæði þess sem og náttúrulegu ástandi votlendis svæðisins ásamt sérstöku gróðurfari sem þar er og búsvæði fyrir fugla. Einnig er markmið með friðlýsingunni að tryggja rannsóknir og vöktun á lífríki svæðisins með áherslu á plöntuna fitjasef, búsvæði hennar og þær votlendisvistgerðir sem er að finna á svæðinu. Enn fremur að treysta útivistar-, rannsókn- og fræðslugildi svæðisins.

1.1 Stjórnunar- og verndaráætlun

Undirbúningur að gerð stjórnunar- og verndaráætlunar fyrir friðlandið við Varmárósa hófst í janúar 2020. Áætlunin er unnin af samstarfshópi sem skipaður var vegna gerðar hennar og er hún sett í samræmi við 81. gr. laga um náttúruvernd [nr. 60/2013](#). Stjórnunar- og verndaráætluninni er ætlað að vera stefnumótandi skjal sem lýsir framtíðarsýn og þeim grundvallarsjónarmiðum sem höfð eru til hliðsjónar um hvernig viðhalda og auka eigi verndargildi svæðisins. Áætlunin er unnin í samstarfi við Mosfellsbæ. [Hér](#) má sjá þá sem skipuðu samstarfshópinn.

Stjórnunar- og verndaráætlunina skal endurskoða eftir því sem tilefni er til. Áætluninni er skipt í þrjú kafla. Í fyrsta kafla er fjallað um vinnslu áætlunarinnar og stjórnsýslu, í öðrum kafla er lýsing á Varmárósum í dag ásamt framtíðarsýn og stefnumótun og í þriðja kafla eru settar fram sérreglur sem gilda um friðlandið. Meðfylgjandi stjórnunar- og verndaráætluninni er aðgerðaáætlun til þriggja ára.

1.1.1 Samráð

Fulltrúar sveitarfélagsins áttu sæti í samstarfshópi um vinnu áætlunarinnar og í samræmi við 3. mgr. 81. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd var haft samráð við fagstofnanir og aðila sem hagsmuna hafa að gæta á svæðinu. Við upphaf vinnunnar var þeim sent bréf þar sem tilkynnt var að vinna við gerð stjórnunar- og verndaráætlunar fyrir friðlandið væri að hefjast. Þessum aðilum var einnig sent bréf í upphafi kynningarferlis þar sem upplýst var um kynningartíma og hvar tillögu að áætluninni væri að finna.

Listi yfir samráðsaðila er í [viðauka III](#).

1.2 Eignarhald og umsjón

Friðlandið við Varmárósa er í Mosfellsbæ og er sveitarfélagið landeigandi. Umhverfisstofnun hefur umsjón með friðlandinu í samræmi við lög nr. 60/2013 um náttúruvernd. Gert er ráð fyrir að Umhverfisstofnun feli sveitarfélaginu Mosfellsbæ umsjón og rekstur svæðisins, sbr. 85. gr. laga nr. 60/2013.

1.3 Lagalegur og stjórnsýslulegur rammi

Friðlandið við Varmárósa var friðlýst árið 1980. Friðlýsingin var endurskoðuð árið 2012 skv. auglýsingu nr. 710/2012 og síðan aftur árið 2021 með auglýsingu nr. [380/2021](#). Gildandi auglýsingu um friðlýsinguna má finna í [viðauka 1](#). Ákvörðun um endurskoðun friðlýsingarinnar árið 2020 var tekin í kjölfarið af niðurstöðum skýrslu Náttúrufræðistofnunar Íslands um deifingu fitjasefs á svæðinu. Í ljós kom að fitjasef fannst á mun stærra svæði en áður var talið¹. Fitjasef er á valista Náttúrufræðistofnunar Íslands (2018) sem tegund í nokkurri hættu (VU)² og er einnig friðað sbr. auglýsing um friðun æðplantna, mosa og fléttna [nr. 1385/2021 í Stjórnartíðindum](#). Varmárósar eru annar tveggja fundarstaða fitjasefs á Íslandi en hinn er í Eyjafirði.

Önnur íslensk lög hafa jafnframt þýðingu fyrir friðlandið og stefnumótun þess, s.s. lög um náttúruvernd nr. 60/2013, lög um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum nr. 64/1994, lög um skipulag haf- og strandsvæða nr. 88/2018, lög um stjórn vatnamála nr. 36/2011 og skipulagslög nr. 123/2010.

Friðlandið við Varmárósa er innan grunnvatnshlotsins Leirvogssár sem hefur vatnshlotsnúmerið 104-289-G. Innan friðlýsta svæðisins er straumvatnshlotið Kaldakvísl (104-916-R). Í vatnaáætlun sem er byggð á lögum nr. 36/2011 um stjórn vatnamála eru sett umhverfismarkmið fyrir vatnshlot en samkvæmt markmiðum laganna skulu vatnshlot vera í a.m.k. góðu ástandi. Vatnshlotin falla undir þessi umhverfismarkmið. Nálkast má frekari upplýsingar um stjórn vatnamála ásamt vatnaáætlun á vefsíðunni [vatn.is](#).

Minjastofnun Íslands fer með umsjón og stjórnsýslu menningarminja, fornleifa- og byggingararfs, í samræmi við lög nr. 80/2012 um menningarminjar.

1.3.1. Skipulagsáætlanir

Mosfellsbær hefur skipulagsvald á svæðinu. Í gildi er [aðalskipulag](#) Mosfellsbæjar 2011-2030 sem var staðfest af skipulagsstofnun árið 2013 en þar er afmörkun friðlýsta svæðisins til samræmis við endurskoðaða friðlýsingu árið 2012. Það svæði sem bættist við stækkun friðlandsins með auglýsingu nr. 380/2021 er skráð í aðalskipulaginu sem svæði á náttúruminjasrá. Jafnframt er í gildi [deiliskipulag](#) fyrir hestaíþróttasvæði á Varmárbökkum.

Allar framkvæmdir, þ.m.t. mannvirkjagerð, jarðrask og aðrar breytingar á landi innan friðlandsins, eru háðar leyfi Mosfellsbæjar, sbr. skipulagslög nr. 123/2010 og lög um mannvirki nr. 160/2010, og Umhverfisstofnunar, sbr. 2. mgr. 40. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Framkvæmdir skulu vera í samræmi við gildandi skipulag og stjórnunar- og verndaráætlun.

¹ Sigurður H. Magnússon og Trausti Baldursson (2013)

²<https://www.ni.is/is/midlun/utgafa/valistar/plontur/valisti-aedplantna>

1.4 Alþjóðlegar skuldbindingar

Íslenska ríkið hefur undirgengist skuldbindingar á alþjóðlegum vettvangi m.a. á sviði náttúruverndar. Hér verða nefndir samningar sem eiga við um friðlandið við Varmárósa og hafðir voru til hliðsjónar við endurskoðun friðlýsingarinnar en nánari upplýsingar um alþjóðlega samninga á sviði náttúruverndar er að finna á heimasíðu Umhverfisstofnunar.

- Samningur S.P. um líffræðilega fjölbreytni (Ríosamningurinn), fullgiltur árið 1995
- Bernarsamningurinn um vernd villtra plantna og dýra og lífsvæða í Evrópu, fullgiltur árið 1993
- Samþykkt um votlendi sem hafa alþjóðlegt gildi, einkum fyrir fuglalíf (Ramsarsamningurinn), fullgilt árið 1978.

Auk ofanefndra samninga ber að telja Árórsarsamninginn um upplýsingaskyldu stjórnvalda og þátttöku almennings til ákvarðanatöku í umhverfismálum sem fullgiltur var árið 2011.

Friðlandið við Varmárósa er mikilvægt fyrir líffræðilegan fjölbreytileika og er búsvæði fjölmargra villtra plantna og dýra. Votlendi og leirur skapa ákjósanlegt umhverfi fyrir fuglalíf en svæðið er innan Blikastaðakróar-Leiruvogs, svæðis sem er flokkað sem mikilvægt fuglasvæði, sjá kafla 2.3.2. Með friðun svæðisins er lögð áhersla á vernd þeirrar flóru og fánu sem þar er og er mikilvægt framlag Íslands til verndunar líffræðilegrar fjölbreytni.

Árórsarsamningurinn er meginstef allrar ákvarðanatöku í náttúruvernd s.s. við friðlýsingar og stjórnunar- og verndaráætlunargerð en samningurinn fjallar um rétt almennings til aðgangs að upplýsingum, þátttöku í ákvarðanatöku stjórnvalda og aðgangs að réttlátri málsmeðferð í umhverfismálum.

1.5 Verndargildi og verndarflokkur

Verndargildi svæðisins felst fyrst og fremst í því að það er mikilvægt fyrir vernd fágætrar tegundar auk þess sem fitjarnar eru sérstæðar að gróðurfari og mikilvæg vistkerfi fyrir fugla. Innan friðlandsins er að finna vistgerðir sem hafa hátt verndargildi, t.a.m. sjávarfitjungsvist sem er mikilvæg fyrir bæði fuglategundir og sjaldgæfar plöntutegundir. Þá er friðlandið hluti af stærra svæði í Leiruvogi sem er alþjóðlega mikilvægt fyrir fuglategundirnar margæs og sendling.

Friðlýsingin fellur vel að 2. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013³ þar sem fjallað er um verndarmarkmið fyrir vistgerðir, vistkerfi og tegundir. Þar segir m.a. að til að stuðla að vernd líffræðilegrar fjölbreytni skuli stefnt að því að viðhalda fjölbreytni vistgerða innan náttúrulegra útbreiðslusvæða þeirra og tryggja ákjósanlega verndarstöðu einstakra vistgerða. Stefnt skuli að því að varðveita tegundir lífvera og erfðafræðilega fjölbreytni og tryggja ákjósanlega verndarstöðu þeirra, þannig að tegundirnar nái að viðhalda sér í lífvænlegum stofnum til lengri tíma á náttúrulegum búsvæðum sínum.

³ Lög um náttúruvernd nr. 60/2013

Svæðið var friðlýst sem friðland í kjölfar þess að þar fannst plöntutegundin fitjasef sem er á valista sem tegund í nokkurri hættu og er jafnframt friðuð sbr. auglýsingu um friðun æðplantna, mosa og fléttna [nr. 1385/2021](#). Samkvæmt 61. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013 njóta votlendi svo sem hallamýrar, flóar, flæðimýrar, rústamýrar, 20.000 m að flatarmáli eða stærri, stöðuvötn og tjarnir, 1.000 m² að flatarmáli eða stærri, og sjávarfitjar og leirur sérstakrar verndar.

Skilgreining friðlýsingaflokksins friðlönd skv. 49. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013 er að vernda tiltekna vistgerðir og búsvæði og styrkja verndun tegunda lífvera sem eru sjaldgæfar eða í hættu samkvæmt útgefnum válistum eða til að vernda lífríki sem er sérstaklega fjölbreytt eða sérstætt. Heimilt er að kveða á um aðgerðir sem nauðsynlegar eru til að hlúa að og mæta þörfum tegunda sem verndin beinist að eða til að viðhalda búsvæðum eða vistgerðum.

Samkvæmt aðferðafræði alþjóðlegu [náttúruverndarsamtakanna IUCN](#), um flokkun friðlýstra svæða tilheyrir Varmárósar flokki IV, Vistgerðir og búsvæði. Markmiðið með vernd svæða í flokki IV er að vernda tiltekna tegundir eða búsvæði og stjórnun svæðanna endurspeglar þá forgangsröðun. Mörg svæði í þessum flokki þarfnast reglubundinnar íhlutunar til að mæta þörfum tiltekinna tegunda eða til að viðhalda búsvæðum en þetta er þó ekki skilyrði verndarflokksins⁴.

1.6 Loftslagsþáttur

Vistgerðir friðlandsins við Varmárósa eru einkum votlendi og sjávarleirur sem báðar gegna mikilvægu hlutverki við að binda kolefni og vinna þar með gegn loftslagsbreytingum.

Friðlýst svæði skipta mörg hver miklu máli þegar kemur að vistkerfisþjónustu en vistkerfisþjónusta er mannkyni mikilvæg en hugtakið fjallar um það hvernig virkni vistkerfa skapar mannfélagi „þjónustu“ og lífsgrundvöll t.d. með hreinsun vatns og lofts, með sköpun verðmæta í náttúruauðlindum o.s.frv. Vistgerðir skapa ólíka vistkerfisþjónustu, t.a.m. eru ákveðnar vistgerðir þekktar fyrir kolefnisbindingu á meðan aðrar hreinsa vatn og aðrar standa gegn náttúruvá.

Í skýrslu stjórnarráðsins frá 2019 um *Bætta landnýtingu í þágu loftslagsmála* er skógrækt, landgræðsla og endurheimt votlendis nefnd sem þættir sem binda kolefni en þeir þættir endurspeglar þær vistgerðir sem þekktar eru fyrir að binda kolefni, þ.e. gróður-, skóglendi og votlendi. Ásamt votlendi inn til landsins binda leirur við sjó mikið kolefni⁵.

⁴ Stjornarradid.is

⁵ <https://www.frontiersin.org/articles/10.3389/fmars.2022.847544/full>



2. Staða og stefna

Í þessum kafla verður friðlandinu við Varmárósa lýst í stórum dráttum, stefna lögð fram um hvernig viðhalda megi verndargildi þess og bent á framkvæmdir sem fara þarf í á næstu árum. Aðgerðaráætlun til 3ja ára er í fylgiskjali en þar má finna þær aðgerðir sem farið verður í til að vinna að markmiðum áætlunarinnar. Aðgerðirnar eru áætlaðar með fyrirvara um að fjármagn til framkvæmda fáist hverju sinni.

2.1 Mörk svæðisins og aðkomuleiðir

Friðlandið er í sveitarfélaginu Mosfellsbæ og afmarkast mörk þess af hnitum sem gefin eru upp í ISN93 hnitakerfi og eru sýnd á korti í [viðauka II](#).

Svæðið er vel afmarkað og aðgengi takmarkað, utan reiðleiða að norðanverðu. Helsta aðkoman að svæðinu er sunnanmegin. Mörk svæðisins að sunnanverðu liggja upp að hesthúsahverfinu þar sem eru hesthús, reiðvöllur og reiðleiðir. Reiðleið liggur langleiðina meðfram mörkum friðlandsins. Hluti leiðarinnar liggur inn í friðlandið að suðvestanverðu og að ósum Köldukvíslar.

2.2 Ástandsmat

Umhverfisstofnun vinnur árlega ástandsmat fyrir friðlandið.

Aðgerðir:

- ✓ Ástandsmat unnið árlega af Umhverfisstofnun.

2.3 Náttúruminjar

Í friðlandinu við Varmárósa koma saman land, haf og vatn. Slíkar aðstæður eru kjörnar fyrir náttúrulegan fjölbreytileika; búsvæði fjölmargra villtra plantna og dýra. Með verndun svæðisins er verið að tryggja stöðu þess og þann fjölbreytileika sem það býr yfir, ásamt því að viðhalda náttúrulegu svæði í jaðri þéttbýlisins og stuðla með því að tengslum manns og náttúru. Ekki skal skerða gróður og jarðminjar eða trufla dýralíf. Sérstök aðgát skal ávallt höfð á varptíma fugla. Allt rask skal vera í lágmarki og framkvæmdir sem ráðist verður í skulu falla vel að umhverfinu. Mikilvægt er að fólk sé upplýst um svæðin sem eru viðkvæm vegna varps og fuglalífs. Ef ágengar tegundir eins og lúpína eða kerfill finnast innan fólkvangsins þá skal vinna að upprætingu þeirra.

Stefna og aðgerðir

Vernda skal ásýnd svæðisins, lífríki og gróðurfar og gera nauðsynlegar ráðstafanir til að viðhalda verndargildi þess.

Aðgerðir:

- ✓ Umhverfisstofnun í samstarfi við Mosfellsbæ fylgist með náttúrufarslegu ástandi friðlandsins og innviða og geri ráðstafanir um úrbætur eftir því sem þörf er á.

2.3.1 Gróður og vistgerðir/jarðvegur

Í friðlandinu við Varmárósa er jarðvegur mjög frjósamur vegna árframburðar og sérstakra skilyrða af völdum sjávarfalla. Svæðið er að mestu votlendi og eru ríkjandi tegundir grös, starir og sef. Innan friðlandsins vex fitjasef (*Juncus ferardii*) þar sem sjávarfalla gætir. Fitjasef er mjög sjaldgæf planta sem einungis hefur fundist á tveimur stöðum á Íslandi og er hún friðuð. Annars vegar fannst tegundin við Varmárósa árið 1976 og við Knarrarnes á Svalbarðsströnd við Eyjafjörð árið 2002. Fitjasef er skylt stinnasefi (*Juncus squarrosus*), er þó hávaxnara og með fleiri og fíngerðari blómhnoðu. Fitjasef vex í þéttum breiðum og hefur skriðula jarðstöngla. Vegna þess hve útbreiðsla þess er takmörkuð hafa komið upp tilgátur um að það hafi borist hingað til lands með skipum fyrr á öldum.⁶ Fitjasefið myndar breiður innan um túnvingul, sjávarfitjung, skriðlíngresi og húsapunkt sem hefur náð að dreifa sér um svæðið og er talin ógn við fitjasefið, sjá [kafla 2.6](#). Helsu ógnir.

Samkvæmt [vistgerðakorti](#) Náttúrufræðistofnunar Íslands er vistgerðin sjávarfitjungsvist ríkjandi í friðlandinu við Varmárósa. Verndargildi vistgerðarinnar er hátt og er hún á lista Bernarsamningsins frá 2014 yfir vistgerðir sem þarfnast verndar. Sjávarfitjar eru hallalittlar og sjór flæðir yfir þær í stórstraumi og flóðum. Gróður er oft beltaskiptur og sjávarfitjungur og karrartunga ríkja neðst en ofar túnvingull og skriðlíngresi. Gróðurinn er fremur lágvaxinn og mikið bitinn af fuglum. Aðrar vistgerðir friðlandsins sem eru á lista Bernarsamningsins eru

⁶ Umhverfisstofnun, e.d.

starungsmýrarvist og gulstararflóavist með mjög hátt verndargildi, grasmóavist með hátt verndargildi og stinnastararvist með miðlungs verndargildi.⁷

Stefna og aðgerðir

Markmiðið er að vernda líffræðilega fjölbreytni svæðisins. Meta þarf áhrif framandi ágengra tegunda á verndarsvæðið og gera áætlun um að fjarlægja þær og vernda þannig líffræðilega fjölbreytni innan verndarsvæðisins.

Stefna ber að því að vakta útbreiðslu lúpínu og annarra tegunda er teljast framandi og ágengar í nálægð við fitjasefið. Meðal þeirra tegunda er húsapuntur sem er í mikilli samkeppni við fitjasefið en hann hefur myndað talsverðar breiður innan friðlandsins einkum meðfram bökkum árfarvega, við svipaðar aðstæður og henta fitjasefinu einna best. Ákveða þarf til hvaða aðgerða er hægt að grípa en margar aðgerðir geta komið til greina. Mikilvægt er að ekki sé farið í aðgerðir nema að mjög vel ígrunduðu máli og þá með skipulögðum hætti. Náttúrufræðistofnun Íslands mælti með í skýrslu sinni að fylgst yrði sérstaklega vel með svæðinu og að framandi, ágengar tegundir séu upprættar og nái ekki fótfestu.⁸

Stefnt skal að því að unnið verði að því að eyða og halda í skefjum ágengum, framandi tegundum með slætti og öðrum aðgerðum.

Umhverfisstofnun getur takmarkað umferð tímabundið, t.a.m. umferð hesta, þar sem hætta er á jarðvegsrofi og gróðurskemmdum, sjá [reglu nr. 3](#), sbr. lög um [náttúruvernd](#).

Aðgerðir:

- ✓ Unnin verði áætlun um eyðingu framandi, ágengra tegunda og kostnaðargreining gerð.
- ✓ Leitað verður eftir samstarfi við landeigendur um samvinnu við að fjarlægja ágengar, framandi plöntutegundir og hefta útbreiðslu þeirra.

2.3.2 Dýralíf

Fuglar dvelja árið um kring á og við Varmárósa en svæðið utar er einnig mikilvægt sem hvíldarstaður fugla sem sækja fæðu sína á leirurnar.⁹ Friðlandið við Varmárósa er innan svæðisins Blikastaðakróar-Leiruvogs sem er flokkað sem mikilvægt fuglasvæði (Important Bird Areas). Þær tegundir sem ná alþjóðlegum verndarviðmiðum á svæðinu eru margæs á fartíma og sendlingur að vetri, sjá vistgerðakort, [fuglar](#).¹⁰

Haustið 2022 var Blikastaðakró-Leiruvogur friðlýst sem friðland. Leiruvogur var friðlýstur vegna fjölskrúðugs fuglalífs, fjölbreytilegs strandgróðurs og lífríkrar fjöru. Vogurinn er hvíldar- og setstaður farfugla á vorin og haustin. Farfuglarnir safnast saman á svonefnt flóðsetur og hvíla sig áður en farið er í ætisleit þegar fjarar aftur. Algengustu farfuglarnir eru margæsir, rauðbrystingar og lóuprælar en tegundafjölbreytni er mikil og hafa margar

⁷ <https://www.ni.is/is>

⁸ Sigurður H. Magnússon og Trausti Baldursson (2013)

⁹ Jóhann Óli Hilmarsson (2006)

¹⁰ <https://www.ni.is/is>

sjaldgæfar tegundir sést við Varmárósa eins og gargönd, grafönd, gulönd, rauðhöfðaönd, urtönd, fálki, jaðrakan og haförn.¹¹

Stefna og aðgerðir

Takmarka skal truflun á varpsvæðum á varptíma 20. apríl til 20. júlí eins og kostur er og skal tekið tillit til þess við leyfisveitingar í tengslum við framkvæmdir og umferð á svæðinu.

Í samþykkt um [kattahald](#) í Mosfellsbæ segir í 4. grein að eigendum og forráðamönnum katta beri að taka tillit til fuglalífs á varptíma með því að hengja bjöllu á ketti og takmarka útiveru þeirra. Hunda skal hafa í taumi í fylgd með aðila sem hefur fullt vald yfir þeim. Gert er ráð fyrir að hundum verði bannaður aðgangur að friðlandinu til þess að tryggja friðhelgi fugla allan varp- og ungatímamann, sjá [kafla 2.5.3](#) Ferðaþjónusta og útivist.

Eitt markmiða friðlýsingarinnar er að vernda búsvæði fugla. Minkur er framandi ágeng tegund sem veldur oft usla í varplöndum og er stefnt að því að mink verði haldið í skefjum.

Í fuglaskoðunarferðum um verndarsvæðið skal sýnd aðgát.

Aðgerðir:

- ✓ Upplýsingum um hundabann frá 20.apríl til 20. júlí komið á framfæri á skiltum og heimasíðu.

2.4 Menningarminjar

Engar friðlýstar fornleifar eru innan friðlýsta svæðisins. Í næsta nágrenni við svæðið er Skipihóll, gamalt skipalægi á suðurbakka Köldukvíslar, rétt neðan við ármót hennar og Varmár. Á flóði var hægt að sigla bátum alla leið að hólnum. Lengi mátti sjá tvö skipshróf (eins konar naust) við Skipihól en þau eru nú horfin. Í fornum sögum er getið um skipaferðir í Leiruvogi og stundum talað um að skip hafi komið út í Leiruvog fyrir neðan Heiði, þ.e. Mosfellsheiði.¹² Fræðsluskilti er við Skipihól.

Stefna og aðgerðir

Menningarminjar og örnefni í næsta nágrenni friðlandsins bera vitni um breytingar á landi í tímans rás. Stefnt er að því að á fræðsluskiltum friðlandsins verði fjallað um minjarnar og verða skiltin unnin í samstarfi við þar til bæra aðila.

2.5 Landnotkun

Engin skilgreind landnotkun er á svæðinu en í aðalskipulagi Mosfellsbæjar 2011-2030 er svæðið skilgreint sem friðlýst svæði og svæði á náttúruminjaskrá í þéttbýli. Búrfjarbeit, þ.m.t. hrossabeit er óheimil innan friðlandsins.

Stefna og aðgerðir

¹¹ Umhverfisstofnun, e.d

¹² Ragnheiður Traustadóttir og Rúna K. Tetzschner (2020)

Öll landnotkun innan friðlandsins og á áhrifasvæði þess skal vera í samræmi við markmið um verndun friðlandsins, skipulagsáætlanir Mosfellsbæjar og stjórnunar- og verndaráætlun.

2.5.2 Veiðar

Öll meðferð skotvopna sem og skotveiðar eru bannaðar innan friðlandsins, að undanskildum veiðum á framandi, ágengum tegundum, s.s. mink, sbr. gr. 11 í auglýsingu um friðlandið. Mikilvægt er að slíkar veiðar fari fram fyrir varptíma.

Í friðlýsingaskilmálum er ekki fjallað um veiðar í ám en í ósum Köldukvíslar hefur veiðst lax á stöng en veiðileyfi eru ekki seld.

2.5.3 Ferðaþjónusta og útivist

Engin skipulögð útivist eða ferðaþjónusta er á friðlýsta svæðinu en mikil útivist tengd hestum er í nágrenni þess. Lausaganga hunda getur truflað fuglalíf og skert upplifun gesta. Hunda skal hafa í taumi og í fylgd með aðila sem hefur fullt vald yfir þeim, sbr. 3. gr. samþykktar um [hundahald](#) í Mosfellsbæ og 6. gr. auglýsingar um friðlýsingu Varmárósa, [viðauki 1](#). Undanskildir eru hundar í leitar- og björgunaraðgerðum og vegna skipulagðra minkaveiða. og virðist vaxa þar sæmilega. Hugsanlega gæti þetta komið af stað nýrri breiðu.¹³

Stefna og aðgerðir

Markmiðið með friðlýsingu friðlands við Varmárósa er að vernda og viðhalda fitjasefi, búsvæði þess, votlendi og búsvæði fugla. Einnig að treysta útivistar- rannsókna og fræðslugildi svæðisins svo framarlega sem það skerðir ekki lífríki og ásýnd svæðisins.

Til að ofangreind markmið fari saman skal stefnt að því að skoða hvaða leiðir eru farsælar til að auka aðgengi að svæðinu til útivistar og fræðslu þannig að það rýri ekki búsvæði gróðurs og fugla. Gönguleiðir í gegnum friðlandið munu skapa meira álag á lífríki svæðisins, einkum á vorin og sumrin. Í samræmi við markmið friðlýsingarinnar er lagt til að gönguleiðir verði í útjaðri friðlandsins.

Takmarka skal truflun á varpsvæðum á varp- og ungatíma frá 20. apríl – 20. júlí eins og kostur er. Með tilliti til sérstöðu verndarsvæðisins er hundum bannaður aðgangur á þeim tíma til þess að tryggja friðhelgi fugla allan varp- og ungatímann, [sbr. reglu nr.1](#). Eigendum katta er bent á að lausaganga katta er ekki æskileg í næsta nágrenni friðlandsins og eru eigendur hvattir til að halda sínum köttum innandyra yfir varptímann, sbr. [samþykkt um kattahald](#) í Mosfellsbæ nr. 146/1997. Í fuglaskoðunarferðum um verndarsvæðið skal sýnd aðgát. Útivistarfólk er beðið um að vernda fuglalífið í friðlandinu, virða friðhelgi fugla um varptímann, ganga vel og snyrtilega um svæðið og virða.

¹³ Sigurður H. Magnússon og Trausti Baldursson (2013)

Aðgerðir:

- ✓ Umhverfisstofnun, í samstarfi við Mosfellsbæ, vinni tillögur um hvernig hægt er að bæta fræðslu til almennings, t.d. skólahópa, með verndargildi svæðisins í huga, svo sem með upplýsingum á jaðri svæðisins og á öðrum miðlum.

2.5.4 Viðburðir, kvikmyndataka og ljósmyndun

Kvikmyndataka og ljósmyndun skal ekki raska jarðminjum, gróðri eða dýralífi innan friðlandsins og truflun við aðra gesti skal vera í lágmarki. Kvikmyndataka og ljósmyndun sem getur haft áhrif á náttúru svæðisins, ásýnd og upplifun gesta er háð leyfi Umhverfisstofnunar og Mosfellsbæjar. Heimilt er að setja skilyrði þegar slík leyfi eru veitt, sbr. [reglu nr. 2.](#)

2.5.5 Mönnuð og fjarstýrð loftför

Flug fjarstýrðra loftfara, dróna, er óheimilt í friðlandinu sbr. 6. gr. auglýsingar um friðlýsingu, [viðauki I.](#)

2.6 Helstu ógnir

Í friðlandinu við Varmárósa er fitjasef yfirleitt mjög einrátt. Þó er undantekning á þessu og vex það á stangli innan um túnvingul á ákveðnu svæði. Húsapunktur hefur komið sér fyrir innan friðlandsins og virðist þar veita sefinu mikla samkeppni og vex að hluta yfir það. Miðað við reynslu má ætla að húspunktur geti orðið ein helsta ógn fitjasefsins.¹⁴

Lúpina og kerfill ógna líffræðilegri fjölbreytni friðlandsins. Landbrot ógnar tilvist fitjasefs á svæðinu en búsvæði fitjasefsins hefur raskast nokkuð vegna landsbrots frá Köldukvísl. Dæmi er um að torfa með fitjasefi hafi losnað með landbroti og flotið upp á land nokkuð suðvestar og virðist vaxa þar sæmilega. Hugsanlega gæti þetta komið af stað nýrri breiðu.¹⁵

Mikil umferð og átroðningur ásamt lausagöngu hunda og katta eru ógn við fuglalíf á svæðinu.

Fólki getur stafað ógn af ósum Kaldár og sjávarföllum, sjá [kafla 2.8.](#)

Stefna og aðgerðir

Gæta skal að því að tegundum sem veita fitjasefinu samkeppni og geta vaxið yfir það sé haldið í skefjum. Einnig skal fylgjast með landbroti á svæðinu og hvernig það hefur áhrif á fitjasefið.

Aðgerðir:

- ✓ Umhverfisstofnun óski eftir samstarfi við þar til bæra aðila við að fylgjast með framandi, ágengum tegundum á svæðinu og landbroti og hvernig það hefur áhrif á fitjasefið.

¹⁴ Sigurður H. Magnússon og Trausti Baldursson (2013)

¹⁵ Sigurður H. Magnússon og Trausti Baldursson (2013)

- ✓ Framandi, ágengum tegundum haldið í skefjum með slætti.

2.7 Innviðir; mannvirki og landvarsla

2.7.1 Umsjón

Umhverfisstofnun hefur umsjón með friðlandinu en gert er ráð fyrir að stofnunin feli sveitarfélaginu Mosfellsbæ umsjón og rekstur svæðisins. Eldri umsjónarsamningur er fallinn úr gildi.

Stefna og aðgerðir

Endurnýja þarf umsjónarsamning á milli Umhverfisstofnunar og Mosfellsbæjar.

Aðgerðir:

- ✓ Umsjónarsamningur endurnýjaður.

2.7.2 Aðgengi, bílastæði, göngu- og reiðleiðir

Varmárósar eru aðgengilegir allan ársins hring. Almennungi er heimil för um friðlandið en skylt er að ganga vel og snyrtilega um svæðið og fylgja þeim umgengnisreglum sem þar gilda. Varlega þarf að fara um votlendi friðlandsins og taka þarf tillit til fugla, einkum á varp- og ungatíma svo og umferðartíma fargesta, vor og haust.

Samkvæmt [deiliskipulagi](#) hestaþróttasvæðisins er gert ráð fyrir að aðalgatan inn í hverfið og gata að félagsheimili verði malbikaðar en aðrar verði malargötur.¹⁶ Engir vegir eða bílastæði eru innan sjálfs friðlandsins en bílastæði eru við hesthúsabyggðina ofan svæðisins. Hægt er að aka að mörkum friðlandsins að vestanverðu og leggja bíl en skipulagt bílastæði er ekki fyrir hendi. Þaðan er gott útsýni yfir svæðið. Fitjasefið og fuglalíf sést vel og auðvelt er að ganga niður að ós Köldukvíslar. Staðurinn er því tilvalinn til að byggja upp sem áfangastað með aðgengi fyrir fólk með fötlun. Reiðleið liggur um svæðið og þyrfti að aðgreina hana frá gönguleiðinni.

Ekki eru aðrir stígar skilgreindir á svæðinu en reiðleiðir, bæði meðfram svæðinu og innan þess. Tvær skilgreindar reiðleiðir liggja um friðlýsta svæðið. Önnur leiðin er uppbyggður stígur sem liggur frá hesthúsahverfinu og út í vað við ósa Köldukvíslar. Hún heldur áfram hinum megin óssins upp Tungubakka og umhverfis friðlandið. Hin leiðin er meðfram Köldukvísl að norðanverðu og er skilgreind á korti en er ekki stikuð eða merkt í landinu.

Stefna og aðgerðir

Skilgreina þarf betur akstursleiðir og aðkomu að svæðinu.

Stefnt er að því Umhverfisstofnun í samstarfi við Mosfellsbæ og aðra hagsmunaaðila skilgreini og merki göngu- og reiðleiðir og áningarstaði. Umferð utan skilgreindra göngu- og reiðleiða verður ekki leyfileg.

¹⁶ Landslag (2016)

Stefnt er að því að áningarstaðir fyrir friðlandið verði í útjaðri þess, með góðu aðgengi, jafnt fyrir fólk með fötlun sem og aðra. Fólki verður ekki beint inn á votlendið sjálft og viðkvæma staði.

Stefnt skal að því að láta vinna deiliskipulag af svæðinu.

Aðgerðir:

- ✓ Umhverfisstofnun, í samstarfi við Mosfellsbæ og aðra sem málið varðar, meti hvar heppilegt er að hafa bílastæði og áningarstað sem uppfyllir kröfur um aðgengi fólks með fötlun.
- ✓ Umhverfisstofnun sækir um styrki til að láta vinna deiliskipulag að svæðinu við Varmárósa í samstarfi við Mosfellsbæ.
- ✓ Deiliskipulag unnið.
- ✓ Gönguleiðir skilgreindar og merktar.
- ✓ Merkingar um takmarkanir á umferð settar upp.

2.7.3 Úrgangur

Ekki er gert ráð fyrir því að tekið verði á móti úrgangi innan friðlandsins og skal fólk taka allan úrgang með sér út af svæðinu. Vart hefur orðið við úrgang frá hesthúsum í skurði við mörk friðlandsins en slíkt getur valdið mengun og dreift framandi tegundum inn á friðlandið. Í [deiliskipulagi](#) kemur fram að einungis megi losa það og með í taðþræt og taðgáma og að óheimilt sé að geyma heyrúllur utandyra.¹⁷

Í aðalskipulagi kemur fram að ástand sjávar í Leirvogi hafi batnað mikið eftir að fráveitukerfi bæjarins var tengt veitukerfi Reykjavíkur. Mengun hafi þó mælst yfir skilgreindum umhverfismörkum. Bent er á leiðir til að fylgjast með og bæta fráveitumál, sjá [aðalskipulag](#).

Stefna og aðgerðir

Stefnt er að því að úrgangur valdi ekki mengun í friðlandinu.

Aðgerðir:

- ✓ Umhverfisstofnun í samstarfi við Mosfellsbæ og Hestamannafélagið Hörð vinni saman að því að koma í veg fyrir að úrgangur frá hrossum berist áfram inn í friðlandið.

2.8 Fræðsla og kynning

Markmið friðlýsingar Varmárósa er meðal annars að treysta útivistar-, og fræðslugildi svæðisins og hefur Umhverfisstofnun yfirumsjón með miðlun fræðsluefnis. Gróður og fuglar í friðlandinu hafa mikið fræðslugildi. Stefnt skal að því að efla almenna fræðslu um gróður svæðisins og sérstaklega um fágætar tegundir sem þar vaxa.

¹⁷ Landslag (2016)

Fræðsla er gott verkfæri til þess að vikka sýn og dýpka skilning gesta á verðmætum friðlýstra svæða og efla vilja þeirra til góðrar umgengni og náttúruverndar.

Fræðsluskilti var sett upp við vestanvert svæðið árið 2013. Upplýsingar á skiltinu eru orðnar úreltar í kjölfar stækkunar friðlandsins árið 2021.

Stefna og aðgerðir

Stefnt er að því að veita fólki tækifæri til að fræðast betur um svæðið og njóta þess. Upplýsinga- og fræðsluefni um náttúru verndarsvæðisins skal vera aðgengilegt almenningi og þeim sem nýta svæðið ásamt þeim umgengnisreglum sem gilda á svæðinu. Upplýsingar skulu settar fram á auðskilinn hátt og stuðla að því að fólk læri að meta, skilja og tengjast náttúru svæðisins sem verið er að vernda og þannig stuðla að góðri umgengni.

Stefnt skal að því að nýta þá tækni sem í boði er hverju sinni til að koma upplýsingum og fræðslu á framfæri svo sem með rafrænum lausnum eða öðru sem kann að henta. Svæðið er notað í dag til kennslu enda hefur það mikið fræðslugildi og gott tækifæri til að nýta í slíkt þar sem það er í þéttbýli.

Með skiltum verði upplýsingum og fræðslu komið á framfæri við gesti Varmárósa. Stefnt skal að því að gera gestum ljóst að þeir séu staddir á friðlýstu svæði og að þar gildi ákveðnar umgengnisreglur. Tilgangur skilta er jafnframt að bæta öryggi gesta, með því að benda á hættur sem leynast, og upplýsa um góða og örugga ferðahegðun. Skilti og merkingar verði í samræmi við skiltahandbókina Vegrúnu, sjá godarleidir.is. Þannig að ásýnd staðarins verði heildræn og rýri ekki upplifun gesta. Endurnýja þarf skilti sem er nú þegar fyrir hendi í friðlandinu. Skiltin verði unnin í samvinnu við Mosfellsbæ og viðeigandi fagstofnanir.

Aðgerðir:

- ✓ Umhverfisstofnun uppfærir upplýsingar um friðlandið á heimasíðu þess eftir þörfum.
- ✓ Upplýsinga- og fræðsluskilti endurnýjuð.

2.9 Öryggismál

Öryggisáætlun hefur ekki verið gerð fyrir Varmárósa.

Stefna og aðgerðir

Öryggisáætlun friðlýstra svæða í umsjón Umhverfisstofnunar verður höfð til hliðsjónar í tengslum við öryggismál við Varmárósa. Leggja skal áherslu á að gestir virði merkingar og fylgi göngustígum.

Aðgerðir:

- ✓ Umhverfisstofnun staðfæri öryggisáætlun friðlýstra svæða stofnunarinnar fyrir Varmárósa og hún verði uppfærð eftir þörfum.

2.10 Rannsóknir og vöktun

Árið 2013 fór Náttúrufræðistofnun Íslands um friðlandið til athugunar á gróðri. Fitjasef fannst á öllum þeim stöðum þar sem það hafði áður verið skráð innan friðlandsins. Auk þess fannst það á þremur stöðum norðan Köldukvíslar en ekki var vitað til þess að það hafi verið skráð þar fyrr. Alls þakti fitjasefið um 1350 m² og voru stærstu flákarnir á nesinu milli Köldukvíslar og lænu sem liggur undir bakkanum meðfram aðkomuleið að vestanverðu. Í nágrenni friðlandsins og jafnvel innan þess vaxa nokkrar framandi tegundir, s.s. alaskalúpína og hindber.¹⁸

Stefna og aðgerðir

Samkvæmt 74. gr laga um náttúruvernd nr. 60/2013 ber Náttúrufræðistofnun Íslands ábyrgð á vöktun lykilþátta íslenskrar náttúru að því marki sem hún er ekki falin öðrum stofnunum. Stofnunin á að vinna heildstæða áætlun um vöktun og skipuleggja framkvæmd hennar. Jafnframt á Náttúrufræðistofnun að vinna vöktunaráætlun fyrir friðlýst svæði í samráði við Umhverfisstofnun sem skal vera hluti stjórnunar- og verndaráætlunar viðkomandi svæðis. Árið 2019 hófst samvinna Náttúrufræðistofnunar, Umhverfisstofnunar, Vatnajökulsþjóðgarðs, Þingvallapjóðgarðs og náttúrustofa um gerð vöktunaráætlana fyrir náttúruverndarsvæði, þ.m.t. friðlýst svæði, og er hún unninn samhliða vinnu Náttúrufræðistofnunar við gerð heildstæðrar vöktunaráætlunar fyrir lykilþætti íslenskrar náttúru. Vöktunaráætlun fyrir náttúruverndarsvæði mun fela í sér forgangsröðun svæða og áherslur í vöktun á hverju svæði fyrir sig. Ekki er búið að vinna vöktunaráætlun fyrir Varmárósa en þegar því er lokið mun hún verða viðauki við þessa stjórnunar- og verndaráætlun. Á [heimasíðu](#) Náttúrufræðistofnunar Íslands má finna frekari upplýsingar um vöktun.

Í vöktunaráætlun fyrir Varmárósa þarf að fjalla bæði um gróður og fuglalíf.

¹⁸ Sigurður H. Magnússon og Trausti Baldursson (2013)



3. Sérstakar reglur um umferð og dvöl

Sérstakar reglur um umferð manna og dvöl í Varmárósum sem settar eru í samræmi við ákvæði 2. mgr. 81. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd eru eftirfarandi:

1. Hunda skal hafa í taumi og í fylgd aðila sem hefur fullt vald yfir þeim. Til þess að tryggja friðhelgi fugla er hundum bannaður aðgangur að friðlandinu allan varp- og ungatímann frá 20. apríl – 20. júlí. Undanskildir eru hundar í leitar- og björgunaraðgerðum og vegna skipulagðra minkaveiða, sbr. [kafla 2.5.3.](#)
2. Kvikmyndataka og ljósmyndun sem getur haft áhrif á náttúru svæðisins og upplifun gesta er háð leyfi Umhverfisstofnunar og Mosfellsbæjar. Heimilt er að setja skilyrði þegar slík leyfi eru veitt, sbr. [kafla 2.5.4.](#)
3. Umhverfisstofnun getur takmarkað umferð tímabundið þar sem hættu er á jarðvegsrofi og gróðurskemmdum, sbr. [kafla 2.3.1.](#)

Heimildir

Jóhann Óli Hilmarsson. (2006). *Fuglar á fyrirhuguðu vegarstæði milli Leirvogstungu og Skeiðholts, Mosfellsbæ.*

Kristbjörn Egilsson og Guðmundur Guðjónsson. (2006). *Gróður á vegstæði við Varmá og Köldukvísl í Mosfellsbæ.* Náttúrufræðistofnun Íslands.

Landslag. (2016). *Hestaípróttasvæði á Varmárbökkum. Endurskoðun deiliskipulags.*

Mosfellsbær. Sótt af vef

<http://skipulagsaaetlanir.skipulagsstofnun.is/skipulagvefur/DisplayDoc.aspx?itemid=25635971922653516423>

Náttúrufræðistofnun Íslands. Sótt af vef

<https://www.ni.is/is/grodur/vistgerdir/land/sjavarfitjungsvist> og
<https://www.ni.is/is/dyr/fuglar/mikilvaeg-fugasvaedi/blikastadakro-leiruvogur>

Ragnheiður Traustadóttir og Rúna K. Tetzschner. (2020). *Skiphóll og Varmárbakkar. Fornleifaskráning vegna deiliskipulags breytingar.* ANTIKVA EHF 2020. Sótt af vef
https://skyrslur.minjastofnun.is/Verkefni_2720.pdf

Sigurður H. Magnússon, og Trausti Baldursson. (2013). *Greinargerð um friðlandið við Varmárósa.* Náttúrufræðistofnun Íslands.

Umhverfisstofnun Varmárósar, Mosfellsbæ. Sótt af vef

<https://ust.is/nattura/naturuverndarsvaedi/fridlyst-svaedi/sudvesturland/varmarosar-mosfellsbae/>

Samþykkt um hundahald í Mosfellsbæ. Sótt af vef <https://mos.is/stjornsysla/baejarstjorn-rad-og-nefndir/reglur-og-samthykkir/hundahald>

Samþykkt um kattahald í Mosfellsbæ. Sótt af vef <https://mos.is/stjornsysla/baejarstjorn-rad-og-nefndir/reglur-og-samthykkir/kattahald>

Viðauki I

Nr. 380

23. mars 2021

AUGLÝSING

um friðland við Varmárósa, Mosfellsbæ

*1. gr.**Um friðlýsinguna*

Umhverfisráðherra hefur í samræmi við VII. kafla laga nr. 60/2013 um náttúruvernd og með samþykki sveitarfélagsins Mosfellsbæjar og að fengnu álitum Umhverfisstofnunar og Náttúrufræðistofnunar Íslands ákveðið endurnýja friðlýsingu friðlandsins við Varmárósa í Mosfellsbæ, sbr. 49. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Friðlandið við Varmárósa var upphaflega stofnað árið 1980 í kjölfar þess að þar fannst plöntutegundin fitjasef (*Juncus gerardii*). Svæðið hefur verið skráð á náttúruminjaskrá frá árinu 1978. Fitjasef er á valista Náttúrufræðistofnunar Íslands (2018) sem tegund í nokkurri hættu (VU) og er einnig friðlýst sbr. auglýsing nr. 184/1978 um friðlýsingu nokkurra plöntutegunda. Varmárósar eru annar tveggja fundarstaða fitjasefs á Íslandi.

Verndargildi svæðisins felst fyrst og fremst í því að það er mikilvægt fyrir vernd fágætrar tegundar auk þess sem fitjarnar eru sérstæðar að gróðurfari og mikilvæg vistkerfi fyrir fugla. Innan friðlandsins er að finna vistgerðir sem hafa hátt verndargildi, t.a.m. sjávarfitjungsvist sem er mikilvæg fyrir bæði fuglategundir og sjaldgæfar plöntutegundir. Þá er friðlandið hluti af stærra svæði í Leiruvogi sem er alþjóðlega mikilvægt fyrir fuglategundirnar margæs og sendling.

Við ákvörðun um endurnýjun friðlýsingarinnar var höfð hliðsjón af samningnum um vernd villtra plantna og dýra og lífsvæða í Evrópu (Bern 1979, sbr. Stjórnartíðindi C 17/1993), samningnum um líffræðilega fjölbreytni (Rio de Janeiro 1992, sbr. Stjórnartíðindi C 11/1995) og samþykkt um votlendi sem hafa alþjóðlegt gildi, einkum fyrir fuglalíf (Ramsar 1971, sbr. Stjórnartíðindi C 1/1978).

Svæðið er 0,289 km² að stærð.

*2. gr.**Markmið friðlýsingarinnar*

Markmið friðlýsingarinnar er að vernda og viðhalda fitjasefi og búsvæði þess sem og náttúrulegu ástandi votlendis svæðisins ásamt sérstöku gróðurfari sem þar er og búsvæði fyrir fugla. Einnig er markmið með friðlýsingunni að tryggja rannsóknir og vöktun á lífríki svæðisins með áherslu á plöntuna fitjasef, búsvæði hennar og þær vistgerðir votlendis, strandlendis og fjöruvistgerða sem er að finna á svæðinu.

Enn fremur er það markmið friðlýsingarinnar að treysta útivistar-, rannsókn- og fræðslugildi svæðisins.

3. gr.

Mörk friðlandsins

Mörk friðlandsins eru sýnd á korti sem er birt með auglýsingu þessari og afmarkast af hnitum sem gefin eru upp í ISN93 hnitakerfi í viðauka I.

4. gr.

Umsjón með friðlandinu

Umhverfisstofnun hefur umsjón með friðlandinu í samræmi við 2. mgr. 13. gr. og 79. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Gert er ráð fyrir að Umhverfisstofnun feli sveitarfélaginu Mosfellsbæ umsjón og rekstur svæðisins sbr. 85. gr. laga nr. 60/2013.

5. gr.

Stjórnunar- og verndaráætlun

Umhverfisstofnun ber ábyrgð á að gerð sé stjórnunar- og verndaráætlun fyrir friðlandið í samvinnu við sveitarfélagið Mosfellsbæ, Náttúrufræðistofnun Íslands og eftir atvikum aðrar fagstofnanir og hagsmunaaðila, sbr. 81. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Í stjórnunar- og verndaráætlun skal m.a. fjalla um landnýtingu, landvörslu, rannsóknir og vöktun, uppbyggingu, fræðslu og miðlun upplýsinga, verndaraðgerðir, aðgengi ferðamanna, þar á meðal aðgengi fólks með fötlun, flug og umferð, þ.m.t. hjólreiðar.

Stjórnunar- og verndaráætlun er háð staðfestingu ráðherra, sbr. 81. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

6. gr.

Umferð um friðlandið

Almenningi er heimil för um friðlandið en skylt er að ganga vel og snyrtilega um svæðið og fylgja þeim umgengnisreglur sem þar gilda.

Umferð vélknúinna farartækja er óheimil innan friðlandsins.

Óheimilt er að hafa lausa hunda í friðlandinu, að undanskildum hjálpar- og þjónustuhundum þegar þeir eru að störfum í gæslu eiganda eða umráðamanns. Þess skal gætt að gæludýr valdi ekki truflun á lífríki svæðisins, skemmdum á náttúru eða valdi öðrum gestum ónæði. Skylt er að fjarlægja úrgang frá gæludýrum á svæðinu.

Umferð hesta er heimil á skilgreindum reiðleiðum innan friðlandsins.

Flug ómannaðra loftfara er óheimilt í friðlandinu nema að fengnu leyfi Umhverfisstofnunar. Undanskilin er notkun ómannaðra loftfara vegna almannahagsmuna, leitar-, björgunar- eða lögregluaðgerða.

Nánar skal fjallað um umferð, þ.m.t. hjólreiðar, í stjórnunar- og verndaráætlun.

7. gr.

Rannsóknir og vöktun

Náttúrufræðistofnun Íslands ber ábyrgð á vöktun innan friðlandsins, sbr. 74. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Vöktunaráætlun skal vera unnin í samráði við Umhverfisstofnun og vera hluti stjórnunar- og verndaráætlunar. Skýrslur um niðurstöður vöktunar skulu vera aðgengilegar Umhverfisstofnun.

Aðrar rannsóknir en lögbundnar rannsóknir fagstofnana sem kunna að hafa í för með sér jarðrask eða truflun dýralífs eru háðar leyfi Umhverfisstofnunar sbr. 10. gr.

Nánar skal kveðið á um rannsóknir og vöktun í stjórnunar- og verndaráætlun.

8. gr.

Fræðsla

Umhverfisstofnun hefur yfirumsjón með miðlun fræðsluefnis um friðlandið í því skyni að efla vitund almennings á mikilvægi verndunar svæðisins. Tryggja skal aðgengi almennings að upplýsingum og fræðsluefni um friðlandið og þeim reglum sem um það gilda.

Nánar skal fjallað um fræðslu í stjórnunar- og verndaráætlun.

9. gr.

Verndun gróðurs, dýralífs og landslags

Vernda skal tegundina fitjasef og búsvæði hennar, sérstæðar vistgerðir svæðisins og bú- og fæðusvæði fyrir fugla. Óheimilt er að spilla gróðri og trufla dýralíf af ásetningi í friðlandinu, að undanskildum framandi tegundum.

Búfjárbætur, þ.m.t. hrossabætur er óheimil innan friðlandsins.

Óheimilt er að sleppa eða dreifa framandi lífverum innan friðlandsins, sbr. reglugerð nr. 583/2000 um innflutning, ræktun og dreifingu útlendra plöntutegunda. Nánar skal fjallað um fyrirbyggjandi aðgerðir og upprætingu framandi tegunda í stjórnunar- og verndaráætlun.

Óheimilt er að breyta straumskiptum í Leirvogi þannig að áhrif hafi á skilyrði fyrir gróður og dýralíf í friðlandinu eða þannig að markmiðum um mjög gott vistfræðilegt ástand skv. lögum nr. 36/2011 um stjórn vatnamála náist ekki innan svæðisins.

10. gr.

Landnotkun og mannvirkjagerð

Allar framkvæmdir, þ.m.t. mannvirkjagerð, jarðrask og aðrar breytingar á landi innan friðlandsins eru háðar leyfi Mosfellsbæjar, sbr. skipulagslög nr. 123/2010 og lög um mannvirki nr. 160/2010, og Umhverfisstofnunar, sbr. 2. mgr. 40. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Framkvæmdir skulu vera í samræmi við gildandi deiliskipulag og stjórnunar- og verndaráætlun.

11. gr.

Veiðar og notkun skotvopna

Öll meðferð skotvopna sem og skotveiðar eru bannaðar innan friðlandsins, að undanskildum veiðum á framandi, ágengum tegundum, s.s. mink.

12. gr.

Viðurlög

Um brot gegn ákvæðum friðlýsingarinnar fer samkvæmt lögum nr. 60/2013 um náttúruvernd.

13. gr.

Gildistaka

Friðlýsingin öðlast þegar gildi. Á sama tíma fellur úr gildi auglýsing nr. 710/2012 um friðland við Varmárósa.

Viðauki II



 http://www.umf.is	<p>Varmárósar</p>	 Tilfaga að mörkum fríhlýts svæðis	<table border="1"> <tr> <td>Flatarmál:</td> <td>0,289 km² (289,094 m²)</td> </tr> <tr> <td>Kortavörpum:</td> <td>Lambert kallvörpum</td> </tr> <tr> <td>Fláttastafa:</td> <td>ICN93</td> </tr> <tr> <td>Kortagerð:</td> <td>Guðni Hannesson LMI</td> </tr> <tr> <td>Dagur:</td> <td>18.05.2020</td> </tr> <tr> <td colspan="2">© Landmælingar Íslands</td> </tr> </table>	Flatarmál:	0,289 km ² (289,094 m ²)	Kortavörpum:	Lambert kallvörpum	Fláttastafa:	ICN93	Kortagerð:	Guðni Hannesson LMI	Dagur:	18.05.2020	© Landmælingar Íslands	
Flatarmál:	0,289 km ² (289,094 m ²)														
Kortavörpum:	Lambert kallvörpum														
Fláttastafa:	ICN93														
Kortagerð:	Guðni Hannesson LMI														
Dagur:	18.05.2020														
© Landmælingar Íslands															

Viðauki III

Samstarfshópur

Samstarfshóp vegna vinnu við stjórnunar- og verndaráætlun fyrir friðlandið við Varmárósa skipuðu:

- Þórdís Vilhelmína Bragadóttir, fulltrúi Umhverfisstofnunar sem tók við af Aroni Geir Eggertssyni og Hildi Hafbergsdóttur.
- Guðbjörg Gunnarsdóttir, fulltrúi Umhverfisstofnunar.
- René Biasone, fulltrúi Umhverfisstofnunar.
- Tómas G. Gíslason, umhverfisstjóri Mosfellsbæjar.
- Aron Geir Eggertsson, fulltrúi Umhverfisstofnunar, lét af störfum áður en vinnu lauk.
- Hildur Hafbergsdóttir, fulltrúi Umhverfisstofnunar, lét af störfum áður en vinnu lauk.
- Bjartur Steingrímsson, formaður umhverfisnefndar Mosfellsbæjar, lét af störfum áður en vinnu lauk.
- Michele Rebora, nefndarmaður í umhverfisnefnd Mosfellsbæjar, lét af störfum áður en vinnu lauk.

Samráðsaðilar

Við gerð stjórnunar- og verndaráætlunar var haft samráð við landeigendur, sérfræðinga og stofnanir eftir því sem tilefni var til.

Eftirtaldar stofnanir og félagasamtök fengu einnig sent bréf vegna vinnu við stjórnunar- og verndaráætlunina:

- Umhverfis- og auðlindaráðuneyti
- Náttúrufræðistofnun Íslands
- Minjastofnun Íslands
- Skipulagsstofnun
- Samgöngustofa
- Landgræðslan
- Vegagerðin
- Landvernd
- Fuglavernd
- Náttúruverndarsamtök Íslands

- Náttúrustofa Suðvesturlands
- Náttúrufræðistofa Kópavogs
- Hestamannafélagið Hörður
- Ferðamálastofa
- Fiskistofa
- Hafrannsóknastofnun
- Heilbrigðiseftirlit Kjósarsvæðis

DRÖG